


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	Þýs203	Kennsluáætlun vorannar 2012

Kennari	Wolfgang Frosti Sahr	Sk.st.	WFS
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Framhald í þýsku. Nemendur hafa tileinkað sér undirstöðuatriði og halda áfram að treysta undirstöður þýskukunnáttunnar. Fleiri sagnbeygingarmynstur kynnt til sögunnar þekking á fallstjórn dýpkuð og öðrum tíðum bætt við. Nokkrar borgir í þýskumælandi löndum verða kynntar og fjallað um þær. Haldið verður áfram að byggja upp orðaforðann. Mikilvægustu atriðin úr þýsku 103 verða endurtekin. Nemendur styrkist í að tjá sig og geti spjallað um sína hagi sem og daglegt líf daginn og veginn á þýsku. Í munnlegu prófi í lok áfangans reynir á þessa tjáningarhæfni. Nemendur eiga að vera færir að þýða lesbókatekta án orðabókar og geti skrifað stíla sem annars vegar taka á ofanefndum málfræðiatríðum og hins vegar þeim atriðum er varða munnlega prófið.

Markmið: Eftir byrjendakennslu í þýs103 stefnir þessi áfangi að því að festa grunnkunnáttu í tungumálinu og bæta nýjum undirstöðuatriðum við. Nemendur verða færir að skilja og tjá sig í nútíð og liðinni tíð og skilja grundvallar-samhengi í fallstjórn. Í vaxandi mæli fer kennsla fram á þýsku. Áframhaldandi áhersla á aukningu orðaforða, þýðinga og stíla. Hlustunarefni er gert hátt undir höfði sem og munnlegri tjáningu. Eftir þennan áfanga eiga nemendur að hafa náð tókum á ábendingarfornöfnum; öllum núþálegum sögnum, þátíð sagnanna "haben" og "sein"; fallstjórn sagna og forsetninga í nf, þf og þgf; núliðinni tíð; raðtölum; beygðum og óbeygðum lýsingarorðum í nf og þf sem og stig-breytingu lýsingarorða.


Námsgögn: Þýska fyrir þig I (lesbók, vinnubók, málfræði). Reykjavík: M&M, 2001
 Felix & Theo: Oktoberfest Berlin: Langenscheidt 1995
 Steinar Matthíasson (orðabók) Reykjavík: IÐNÚ, 2004
 Ítarefni þýs203 Akureyri: Skrifstofa VMA

Námsmat:

50%	vetareinkunn	1.	10%	videóverkefni
		2.	10%	miðannarpróf (m. orðabók)
		3.	10%	Oktoberfest
		4.	10%	munnlegt próf
		5.	10%	vinnueinkunn
50%	prófeinkunn	6.	50%	lokapróf (án orðabókar)

Verkefni:

- Videoverkefni:** Taka upp leikið samtal skv. forskrift eða eigin hugmyndum. Nem. er bent á að tryggja sér aðgang að upptökugræjum í tæka tíð sem og að sjá til þess að upptakan sé spilanleg á búnaðinum sem er til staðar í kennslustofunni.
- Miðannarpróf:** málnotkun, þýðingar, ritun. Notkun orðabóka leyfileg. Enginn möguleiki á upptöku prófsins í veikindartilfellum.
- Skriflegt próf úr bókinni **Oktoberfest**. Sjúkrapróf í síðasta kennslutíma annarinnar.
- Munnlegt próf:** Lestur, svara spurningum, stutt samtal. Sjúkrapróf á próftíma.
- Kennari fylgist með gerð heimaverkefna og þátttöku í tímum, fer yfir itarefni nemandans án frekari auglýsingar og gefur **vinnueinkunn** í samræmi við niðurstöðurnar.
- Nemandi þarf að ná amk. 45% einkunn úr **lokaprófi** til þess að vetrareinkunn reiknist með. Sé prófeinkunn lakari en 4,5 af 10 jafngildir hún lokaeinkunn áfangans, Engin hjálpargögn eru leyfð í lokaprófinu.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	Pýs203	Kennsluáætlun vorannar 2012

Áætlun um yfirferð:

vika	dags.	atburðir	kennsluefni: kaflar	námsmat
1	6.jan.	1. kennsludagur	10	
2	9.jan.-13.jan.		10	
3	16.jan-20.jan.		11	
4	23.jan-27.jan		11	
5	30.jan.-3.feb.		12	
6	6.feb.-10.feb.		12	
7	13.feb.-17.feb		13	
8	20.feb-22.feb.	frí fim. & fös.	13	
9	27.feb.-2.mars		14	miðannarpróf
10	5.mars-9.mars		14/munnl. æf.	
11	12.mars-16.mars		15/munnl. æf.	munlegt próf
12	19. mars-23.mars	opnir d. þri. & mið.	videoverkefni	
13	26.mars-30.mars	Ω f. páskafrí	15/16	videoverkefni
15	11.apr.-13.apr.	kennsla frá mið.	16	
16	16.apr.-20.apr.	fím. sumard.fyrsti	16/Októberfest	
17	23.apr.-27.apr.		Októberfest	próf Okt.
18	30.apr.	síð. kennsludagur		sjúkrapróf Okt.

mutatis mutandis

Ábending: Mætingarskylda í áfanganum er 80% - lakari mæting jafngildir úrsögn úr áfanganum. Notkun fartölva er ekki heimil. Nemendum er bent á skólareglurnar VMA. Endurtekin mæting án viðhlítandi námsgagna varðar brott-rekstur úr tíma.

Dagsetning: 4.1.2012

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils